

Hólabær

Starfsáætlun



2023-2024



Efnisyfirlit

Starfsáætlun Hólabæjar	3
Um leikskólann	3
Gerð leikskóla	3
Lög um leikskóla	3
Aðalnámskrá leikskóla	4
Stefna og uppeldisfræðilegar áherslur	4
Einkunnarorð skólans	4
Gildi skólans	4
Stoð- og sérfræðipjónusta	5
Ásgarður í skýjunum	5
Sálfræðiráðgjöf	5
Stjórnskipulag skólamála.	5
Tölulegar upplýsingar	5
Starfsfólk	6
Starfsmannastefna Hólabæjar	6
Móttaka nýliða	6
Starfsþróunarsamtöl	7
Fundir og faglegar áherslur	7
Endur- og símenntunaráætlun	7
Mat á skólastarfi	7
Skimunaráætlun	8
Foreldrasamstarf	9
Foreldrafundir og foreldrasamtöl	9
Heimasíða og samskipti	9
Foreldraráð/foreldrafélag	9
Svefn og hvíld	11
Akstur með skólabíl	11
Skólareglur	11
Mætingar barna	11
Reglur um veikindi	12
Sérstakar áherslur í starfi skólaárið 2022-2023	12
Samstarf við grenndarsamfélag	13

Samstarf leik- og grunnskóla	13
Heilsugæslustöð	14
Áætlanir	14
Eineltisáætlun	14
Forvarnaráætlun	14
Rýmingaráætlun	15
Áfallaáætlun	15
Óveðursáætlun	16
Slysaskráning	16
Skóladagatal	17
Skóladagatal 2022 – 2023	18
Sérstakir dagar	18
Lokaorð	19

Starfsáætlun Hólabæjar

Leikskólar landsins vinna eftir aðalnámskrá samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar er meðal annars kveðið á um að hver og einn leikskóli vinni sína skólanámskrá þar sem greint er fyrir á hvern hátt skólinn uppfyllir þau viðmið sem sett eru fram í aðalnámskránni.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulag öryggis- og slysamála eftir því sem við á.

Starfsáætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skólanefnd tekur hana til afgreiðslu eins og greint er frá í lögum um leikskóla.

Í lok hvers skólaárs gera stjórnendur mat á starfsáætlun liðins skólaárs með það í huga að greina hvernig gekk að framfylgja því sem lagt var upp með. Á heimasíðu leikskólans er birt starfsáætlun og síðan mat á starfsáætlun hvers skólaárs en einnig skal gerð grein fyrir þessum þáttum í innra mati leikskólans.

Um leikskólann

Gerð leikskóla

Reykhólaskóli er samrekin stofnun grunn og leikskóladeildar innan Reykhólahrepps, leikskóladeildin kallast Hólabær.

Heimilisfang leikskólans er Skólabraut 1, 380 Reykhólahreppur.

Skólastjóri Reykhólaskóla er faglegur leiðtogi og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri leikskólans.

Skólastjóri starfar eftir starfslýsingu leikskólastjóra, undir skólastjóra starfar deildarstjóri inna leikskóladeildar sem starfa báðir samkvæmt *Lögum um leikskóla*

Skólinn hefur það hlutverk að veita menntun eins og hún gerist best á hverjum tíma. Hólabær starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn að skólaskyldualdri. Leikskóli skal annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Foreldrar, samkvæmt lögum, teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í öllu leikskólastarfi. Börnum skal veitt umönnun og menntun, þeim búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og þeim veitt örugg náms- og leikskilyrði. Í leikskólum skal stuðla að því að nám fari fram í gegnum leik og skapandi starf þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildum.

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 skulu meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita markvissa málörvun og stuðla að góðri færni í íslensku.
- Að huga að andlegum, vitsmunalegum og líkamlegum þáttum hjá börnum í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi meðal annars að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla var endurútgefin árið 2011. Hún er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og lög og reglugerðir og ber leikskólum landsins að starfa eftir henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hver leikskóli vinnur skólanámskrá fyrir sig og mótar sér stefnu sem starfsfólk hans starfar eftir sem síðan þarf að meta og endurskoða.

Skólanámskrá Hólabæjar verður endurskoðuð veturinn 2024-2025.

Stefna og uppeldisfræðilegar áherslur

Hugmyndafræði leikskólans byggist meðal annars á lífsviðhorfi, gildismati, þekkingu og reynslu starfsmanna ásamt uppeldis- og mennta kenningum er tengjast leikskólastarfi.

Í Hólabæ er lögð áhersla á að vellíðan, jákvæðni, stuðningur og vingjarnleiki einkenni öll samskipti. Stefna Hólabæjar er að börnin læri í gegnum leikinn og eru virk og skapandi í námi sínu og starfi.

Einkunnarorð skólans

Vilji er vegur

Hólabær notar einnig orðin:

“Hólabær, þar sem gleðin býr”

Þau vísa til þess sem skólinn væntir af nemendum sínum, þ.e. að leggja sig fram, leggja metnað og alúð í öll verkefni sem þarf að leysa og að þeim séu allir vegir færir.

Gildi skólans

- berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu
- tökum ábyrgð á því sem við gerum og segjum

- ástundum heiðarleg og réttlát samskipti, byggð á gagnkvæmu trausti
- göngum með gleði og jákvæðu hugarfari til leiks og starfs
- stöndum saman og vinnum saman
- sýnum umburðarlyndi og kærleika
- erum metnaðarfull, skipulögð og öguð í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur
- gætum trúnaðar í málefnum annarra
- hvetjum alla til heilbrigðs lífennis.

Stoð- og sérfræðipjónusta

Ásgarður í skýjunum

Reykholahreppur er með samning við Ásgarð skólaráðgjöf. Faglegur stuðningur Ásgarðs við leikskólann felst í stuðningi, aðstoð við framkvæmd og lausnamiðun, er varðar daglegt skipulag og fagleg umgjörð leikskólastarfsins auk sérkennsluráðgjafar. Leikskólastjóri/deildarstjóri sækir þann stuðning sem þörf er á hverju sinni helstu ráðgjafar leikskólans eru Erla Björk Sveinbjörnsdóttir og Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson .

Sálfræðiráðgjöf

Leikskólinn hefur samning um þjónustu sálfræðings, Magnúsar Baldurssonar, sem kemur reglulega yfir veturinn og sinnir greiningu og ráðgjöf í samráði við skólastjóra/deildarstjóra.

Talþjálfun

Reykholaskóli grunn- og leikskóladeild nýtur þjónustu talmeinafræðinga hjá Tröppu talþjálfun. Þjálfunin fer að mestu fram í gegnum fjarfundabúnaðinn Kara connect þar sem starfsmaður leikskólans eða stoðþjónusta situr tíma með barni og fylgir eftir þjálfuninni í daglegu starfi.

Stjórnskipulag skólamála.

Mennta- og menningarmálanefnd er skipuð 3 fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Fulltrúar kennara, starfsmanna leikskóladeildar, leikskólastjóra/deildarstjóra, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu Reykholahrepps í skólamálu, fylgjast með og stuðla að því að skólanum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu, aðbúnaður sé fullnægjandi og að unnið sé skv. lögum.

Tölulegar upplýsingar

Í Hólabæ er starfrækt ein deild og er börnunum skipt í 2 aldurskipta hópa, græna hóp og rauða hóp. Boðið er upp á 4 – 8,5 tíma vistun fyrir börn eins til sex ára.. Inntökuskilyrði í Hólabæ er að börn hafi náð 12 mánaða aldri en umsókn um vistun getur borist fyrr. Veturinn 2023 var tekin sú ákvörðun vegna manneklu að 12-18 mánaða börn væru einungis í 6 klst vistun.

Skólaárið 2023-2024 verða 13 börn í námi í Hólabæ fyrir áramót og 15 eftir áramót sem skiptast þannig:

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls
2018	2	2	4
2019	1	2	3
2020	1	0	1
2021	1	1	2
2022	2	3	3 f/á.m. og 4 e/á.m.4
Fjöldi alls	7	6 f/á.m. og 8 e/á.m.	12 f/á.m. og 15 e/á.m.

Starfsfólk

Anna Margrét Tómasdóttir skólastjóri Reykhólaskóla grunn- og leikskóladeildar,

Íris Ósk Sigþórsdóttir starfar í 75% starfshlutfalli sem deildarstjóri leikskóladeildar og sér um daglegt skipulag 20% og 55% veru á deild .

Við skólann starfa í dag: Leiðbeinandi með stuðning í um 70% starfshlutfalli, leiðbeinandi í 44% starfshlutfalli, leiðbeinandi í 80% starfshlutfalli. iðjuþjálfari 20% starfshlutfalli og ræstitæknir í 40% starfshlutfalli.

Starfsmenn Hólabæjar, starfsárið 2023-2024:

- Íris Ósk Sigþórsdóttir, deildarstjóri og leiðbeinandi. 75%
- Díska Sverrisdóttir, leiðbeinandi sér um stuðning við nemanda. 70%
- Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, leiðbeinandi. 44%
- Sigurjón d. Júlíusson, leiðbeinandi. 80%
- Sandra Rún Björnsdóttir, iðjuþjálfari 20%
- Hafrós Huld Einarsdóttir afleysing fyrir áramót - kemur til starfa að fullu í janúar 2024
- Eiður Hjaltason, ræstitæknir.

- Öryggistrúnaðarmaður Reykhólaskóla grunn- og leikskóladeildar er Guðmundur Arnarsson þar til nýr verður kosinn innan skólans.
- Trúnaðarmaður starfsmanna Verkvest er Díska G. Sverrisdóttir

Starfsmannastefna Hólabæjar

Í leikskólanum Hólabæ er lögð áhersla á hæfa og góða starfsmenn. Markmið starfsmanna stefnunnar er að í Hólabæ ríki gleði, góður starfsandi og gagnkvæm virðing. Til þess að ná þessum markmiðum leggjum við okkur fram við að bera virðingu fyrir hverju öðru, vinnum saman, sýnum hvert öðru stuðning og horfum ávallt til styrkleika hvers annars. Allir eiga hrós skilið fyrir vel unnin störf og veita og þiggja leiðsögn eftir þörfum. Starfsmenn leitast allir við að gera leikskólann að öruggum og góðum uppeldis og vinnustað þar sem jákvæðni, bros og gleði er ríkjandi þáttur. Allir starfsmenn leitast við að þróa sig í starfi og sækja námskeið eftir símenntunaráætlun og þörfum hverju sinni. Í leikskóla sinnir allt starfsfólkið námi barnanna og talið nauðsynlegt að nýta sér þann mannauð sem leikskólasamfélagið býður upp á hverju sinni.

Móttaka nýliða

Í Hólabæ er lagt upp úr að vanda til við móttöku nýrra starfsmanna. Mikilvægt er að taka vel á móti nýju starfsfólki svo það finni að það sé velkomið og líði vel í nýju umhverfi. Það er á ábyrgð leikskólastjóra/deildarstjóra að leiðbeina nýju starfsfólki en vel skipulögð móttaka stuðlar að vellíðan nýja starfsmannsins, eflir færni hans og eykur líkur á stöðugleika hans í starfi. Allir starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að taka vel á móti nýjum starfsmönnum og tekur því allur starfsmannahópurinn í leikskólanum þátt í að gera móttökurnar jákvæðar og styðja nýja samstarfsfélaga.

Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri/deildarstjóri heldur utan um starfsþróunarsamtöl sem eiga sér stað a.m.k. einu sinni á ári. Þar er farið yfir starfsþróun og líðan starfsmanna. Rætt hvort starfsfólk óski eftir breytingum í starfi m.a. flutningi á milli hópa eða starfshlutfall. Þá er rætt um fræðsluþarfir, almennt um frammistöðu og styrkleika starfsmanna í starfi.

Fundur og faglegar áherslur

Deildarstjótí situr vikulega fundi í gæðaeftirliti Reykhólaskóla og einnig aðra fundi með fagaðilum.

Á skólaárinu 2023-2024 eru 6 hefðbundnir starfsdagar eins og fram kemur á skóladagatali.

- 17. ágúst- starfsdagur, starfsmenn fara á námskeið í TMT
- 2. október - sameiginlegur starfsdagur allra deilda

Lokað vegna jólaaleyfis frá 23.des. -3. jan.

- 2. janúar - sameiginlegur starfsdagur allra deilda
- 15. mars- starfsdagur
- 26. apríl - starfsdagur
- 27. maí - starfsdagur, stefnt á að skoða leikskóla á vesturlandi

Sumarleyfi árið 2024

Sumarleyfi Hólabæjar árið 2024 er frá og með 1. júlí til og með 13. ágúst.

Leikskóli opnar því aftur að sumarleyfi loknu 13. ágúst kl. 10:00

Deildarstjóri leikskóladeildar situr reglulega samstarfsfundi með skólastjóra. Þá situr deildarstjóri mennta- og menningarmála fundi sveitarfélagsins fyrir hönd leikskóla og starfsmanna hans.

Ákveðið var árið 2020 að leikskólinn yrði lokaður milli jóla og nýárs, frá og með 23. desember til 2. janúar og þeir dagar teknir af vinnustyttingu starfsfólks.

Endur- og símenntunaráætlun

Markmið endur- og símenntunar í Hólabæ:

- að símenntun taki mið af þörfum alls starfsfólks
- að símenntun verði alltaf í samræmi við stefnu skólans og áhersluþætti hverju sinni
- að efla þekkingu, hæfni, og starfsánægju starfsmannsins, að starfsmaður finni að hann þróist í starfi, öðlist öryggi og fái viðurkenningu fyrir starf sitt

Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Starfsfólk er hvatt til þess að sækja námskeið og efla þekkingu sína. Starfsdagar og starfsmannafundir eru nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir.

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunarinnar sem unnið er af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Menntamálaráðuneytið gerir áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur, helstu viðmið og áherslur úttektar. Reykhólaskóli var í ytra mati skólaárið 2017-2018. Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps hefur, í umboði sveitarstjórnar, eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla.

Í Hólabæ þarf að hefja vinnu með innra mat þar sem skipað er matsteymi og unnin langtímaáætlun. Innra mat verður sett í ferli innan leikskólans veturinn 2023-2024 í samstarfi við Ásgarð skólaráðgjöf.

Skimanaáætlun

Deildarstjóri hefur í samvinnu við sérkennslu grunnskóla haldið utan um fyrirlögn skimana í leikskólanum. Próf eru lögð fyrir börn leikskólans og eru þau nýtt til að vinna með einstaka þætti til umbóta. Einnig fylgja prófin börnunum, ef þau flytja á milli leikskóla eða fara upp í grunnskóla.

Yfirlit yfir skimanir 2023-2024 Leikskólinn Hólabær

Hvenær	Hvað	Hverjir	Hver
September/október	Hljóm - 2	5 ára	Íris / Erla Björk
September	EFI - 2	3;1 - 3;8 ára	Stoðþjónusta - Sandra
Október	Tras	2 - 5 ára	Íris - allir starfsmenn
Október/nóvember	AEPS	0 - 6 ára	Íris / Erla Björk
Þegar þörf þykir	Íslenski smábarnalistinn	15 - 38 mánaða	Íris - mæður svara
Þegar þörf þykir	Íslenski þroskalistinn	3 - 6 ára	Íris - mæður svara
Janúar/febrúar	Orðaskil	18 - 36 mánaða	Íris - foreldrar svara
Janúar /febrúar	Hljóm - 2 endurmat	5 ára	Íris / Erla Björk
Apríl	Tras	2 - 5 ára	Íris - allir starfsmenn
Þegar þörf þykir	AEPS	0 - 6 ára	Íris / Erla Björk
Þrisvar sinum yfir skólaárið	MIO	2 - 5 ára	Íris - Allir starfsmenn

Hljóm-2: Skimunarpróf í leikjaformi til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Endurmat er gert ef þörf er á.

EFI-2: Málþroskaskimun sem kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.

TRAS-skimunarefni í mál- og félagsþroska: Skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Skimunin fer fram við daglegar athafnir og starf í skólanum og taka allir starfsmenn viðkomandi deildar þátt í henni.

Íslenski smábarnalistinn: Metur mál- og hreyfiproska 15 mánaða til 38 mánaða barna.

Íslenski þroskalistinn: Metur mál- og hreyfiproska 3 - 6 ára barna.

AEPS - matskerfi: Metur færni barna í fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili.

MIO - skimunarefni í stærðfræði fyrir leikskóla. Hvert barn er skimað þrisvar á leikskólagöngunni. Skimunin fer fram við daglegar athafnir og starf í skólanum og taka allir starfsmenn viðkomandi deildar þátt í henni. Matið tekur til þriggja megin sviða stærðfræðinnar sem eru *þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi*.

Foreldrasamstarf

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl barns í leikskóla og góðri líðan. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er ekki ætlað að koma í stað þess. Samvinna milli foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trúnaði og opnum samskiptum. Markmið foreldrasamstarfs er að foreldrar fái sem bestar upplýsingar um þroska og stöðu barns síns í leikskólanum, stuðli að þátttöku foreldra í starfi leikskólans, auki samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna og veiti foreldrum upplýsingar um starfsemi skólans.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk. Þeir eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi, í einkasamtöl, foreldrafundi o.s.frv.

Foreldrafundir og foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og einnig þegar barn byrjar á leikskólanum. Umsjón viðtala er í höndum deildarstjóra og starfsmanns í viðkomandi hóp. Ef foreldrar óska eftir viðtali á öðrum tímum eða oftast er það velkomið. Foreldraviðtöl fara fram í október og apríl.

Markmið funda er að kynna fyrir foreldrum helstu áhersluatriði í vetrarstarfinu, hittast og virkja foreldrafélag.

Heimasíða og samskipti

Karellen er skráningarkerfi sem tekið var í notkun árið 2020. Í kerfinu er haldið utan um mætingu barnanna, hægt er að skrá hvernig barnið borðar, sefur og einnig er hægt að senda foreldrum skilaboð.

Foreldrar geta skráð fjarveru og/eða veikindi fyrir barn sitt, sem og sent starfsmönnum leikskólans skilaboð. Þá er hægt að taka myndir af börnum við dagleg störf og senda foreldrum á lokuðu svæði.

Kerfið auðveldar og eflir allt foreldrasamstarf, þar sem yfirsýn foreldra eykst til muna. Starfsmenn reyna að fylgjast með kerfinu yfir daginn en foreldrum er bent á að hringja í leikskóla ef um brýnar upplýsingar er að ræða sem þurfa að komast til skila sem fyrst.

Foreldraráð/foreldrafélag

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð en heimilt er fyrir fámenna skóla að hafa sömu stjórn í foreldraráði og foreldrafélagi. Þar sem Reykhólaskóli er sameinaður skóli með þrjár deildir; grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, hefur verið starfandi eitt foreldrafélag/foreldraráð. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Í stjórn foreldrafélags/foreldraráðsins eru:

- Embla Dögg Bachmann, formaður
- Sigríður Ísleifsdóttir, fulltrúi grunnskóla. gjaldkeri
- Hafrós Huld Einarsdóttir, fulltrúi leikskóla. ritari.

Skólaráð

Skólaráð Reykhólaskóla er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólastig Reykhólaskóla. Ráðið skal skipa níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Ákveðið var að helmingur ráðsins endurnýist á ári hverju og helmingur sitji áfram með nýjum fulltrúum.

Skólaráð Reykhólaskóla skólaárið 2023-2024 skipa:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri
- Íris Ósk Sigþórsdóttir, fulltrúi leikskólans
- María Rós Valgeirsdóttir, fulltrúi kennara
- Kjartan Þór Ragnarsson fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir fulltrúi starfsmanna.

- Ásborg Styrmisdóttir, fulltrúi nemenda
- Birgitta Rut Brynjólfsdóttir, fulltrúi nemenda
- Hildigunnur Sigrún Eiríksdóttir, fulltrúi nemenda
- Agnieszka A.M. Kowalczyk
- Embla Dögg Bachmann

Til vara:

- Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, varafulltrúi kennara
- Sigríður Ísleifsdóttir
- Hafrós Huld Einarsdóttir

Móttaka og aðlögun

Skömmu áður en leikskólaganga barns hefst fá foreldrar/forráðamenn tölvupóst um boð í móttökusamtal. Móttökusamtal þarf alltaf að fara fram áður en aðlögun getur hafist í leikskólanum. Í móttökusamtali er mælt til þess að foreldrar/forráðamenn mæti án barna. Vinnureglur leikskólans eru að ef um annað mál en íslensku ræðir þá fær leikskólinn aðstoð hjá túlki til þess að koma öllum upplýsingum vel og greinilega til skila. Starfsfólk gengur úr skugga um hvort nauðsynlegt sé að nota þjónustu túlka í samtölum. Móttökusamtalið fer þannig fram að starfsmaður fyllir út skjal með spurningum til foreldra/forráðamanna. Þar eru spurningar um barnið í brennidepli og leitast er við að kynnst barninu og fjölskyldu þess sem best áður en aðlögun hefst. Í samtalinu er einnig farið yfir það hver lykilpersóna fjölskyldunnar verður í aðlögunarferlinu. Lykilpersóna er ákveðinn starfsmaður sem verður tengiliður fjölskyldunnar á meðan á aðlögun stendur. Einnig eru foreldrar/forráðamenn spurðir hver muni vera til staðar meðan á aðlögun stendur og það er m.a. til þess að athuga hvort þurfi að notast við túlkþjónustu í aðlögun. Foreldrar/forráðamenn eru þá beðnir um að láta vita ef eitthvað breytist á síðustu stundu varðandi hver kemur með barninu fyrstu dagana. Deildarstjóri sendir bréf um aðlögunarferlið til foreldra/forráðamanna í tölvupósti stuttu áður en aðlögun hefst.

Aðlögun

Mikilvægt er að barn fái góðan tíma til að aðlagast og kynnst starfi Hólabæjar. Aðlögun miðast alltaf við hvert barn fyrir sig en áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi skipulagi:

- Dagur 1: Barn og foreldri/forráðamaður mæta í leikskólann klukkan 10:00 og eru til klukkan 11:00.
- Dagur 2: Barn og foreldri/forráðamaður mæta klukkan 10:00 og eru til klukkan 11:00, foreldri/forráðamaður bregður sér frá í smá stund til að kanna viðbrögð barns.
- Dagur 3: Barn og foreldri/forráðamaður mæta klukkan 8:15, borða morgunverð. Barnið skilið eftir í 1-1,5 klst, fer eftir hvernig barnið bregst við í aðlögunarferlinu.
- Dagur 4: Barnið mætir kl 8:15 og er skilið eftir hjá starfsmanni við morgunverðarborðið. Foreldri/forráðamaður kemur kl 11:15 og er með barninu í hádegismat.
- Dagur 5: Barnið mætir á sínum vistunartíma og er skilið eftir, það borðar morgunverð, hádegisverð og er lagt í hvíld. Hringt er í foreldri/forráðamann þegar barnið vaknar.
- Dagur 6: Gert er ráð fyrir að barn hafi lokið aðlögun og dvelji sinn vistunartíma.

Sum börn þurfa að hafa forráðamenn með sér lengur en ofangreindan tíma. Ef vistunartími barns er styttri en skipulagið segir til um þá kemur/fer barnið á þeim tíma. Við biðjum foreldra vinsamlegast um að halda símanotkun í lágmarki á meðan á aðlögun stendur. Foreldrum/ forráðamönnum er ekki heimilt að taka myndir af öðrum börnum í leikskólanum en sínum eigin. Ekki er leyfilegt að vera með heita drykki innan um börnin. Vinsamlegast gætið þagmælsku og trúnaðar varðandi það sem þið sjáið og heyrið í leikskólanum.

Svefn og hvíld

Eftir hádegismat fara allir hópar í hvíld. Fyrirkomulag hvíldar fer eftir aldri og þroska barnanna í hverjum hóp, yngri börnin sofa en þau eldri hvíla sig og hlusta á sögur eða tónlist. Svefn er skráður í Karellen þannig að foreldrar geti fylgst með. Á vef Heilsuveru má finna upplýsingar um svefnþörf einstaklinga á öllum aldri. Þar segir um börn 1-2 ára að þau þurfi 11-14 klst á sólarhring og börn 3-5 ára þurfi 10-13 klst á sólarhring.

Akstur með skólabil

Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir grunnskóladeildar, heimilt er þó að flytja leikskólabörn með skólabilum ef pláss er í bílnum enda lengist dagleg akstursleið skólabíls ekki eða einungis óverulega. Leikskólabarn má fara með skólabilnum þegar það hefur náð 2ja ára aldri. Bílstjórnir eru Þráinn Hjálmarsson og Vilberg Þráinsson. Vilberg keyrir í Króksfjarðarnes og Þráinn keyrir í Gufudalssveit. Skólabílar koma að skóla rétt fyrir kl 08:15 og fara frá skóla kl 14:45 alla daga, yfir dimmustu mánuðina des.-feb. breytist stundaskrá og nemendur mæta seinna. Ef skólabil á ekki að sækja barn sem að venju fer með bílnum eru foreldrar vinsamlegast beðnir að láta bílstjóra vita tímanlega.

Þráinn s: 434-7774/895-7774 og Vilberg s: 434-7772/863-2059

Skólareglur

Mætingar barna

Þegar barn kemur í leikskólann er mikilvægt að því sé fylgt inn og beðið þar til starfsmaður tekur á móti því. Þegar barnið er sótt þarf að láta starfsfólk vita, einnig þarf að láta vita ef einhver annar en foreldri sækir barnið. Mikilvægt er að tilkynna veikindi sem og ef barn er í leyfi, það má gera í gegnum Karellen appið eða með því að hringja í leikskóla s.434-7731.

Ef foreldrar eru ekki komnir, þegar 10 mínútur eru liðnar frá því að umsaminn vistunartími er útrunninn, er hringt heim. Foreldrum er gert að greiða aukagjald ef börnin koma of snemma eða þau eru sótt of seint.

Reynt er að mæta óskum um breytingar á dvalartíma svo fljótt sem unnt er. Einnig er reynt að koma til móts foreldra/aðstandendur ef tímabundnar breytingar eiga sér stað.

Æskilegt er að látið sé vita ef barnið mætir seinna en vant er og þá hvenær er von á því.

Ekki er æskilegt að barn mæti á hvíldartíma, sem er frá 11:30-13:00, fer eftir hópum.

Reglur um veikindi

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum og tekur mið af því að þau geti tekið fullan þátt í leik og starfi **bæði úti og inni. Börn sem ekki eru fullfrísk ættu ekki að koma í leikskólann bæði vegna smithættu og til að draga úr vanlíðan barns þar sem vitað er að áreiti og úlag er mun meira í leikskólanum en heima fyrir.** Ef barn veikist í leikskólanum er forráðamönnum gert viðvart. Miðað er við að ef sóttthiti er hærri en 37,7°C eru foreldrar látnir vita og ber þeim að sækja barn ef starfsmenn meta líðan þess þannig. Eins og þekkt er þá eru ung börn fremur kvefsækin og er það ávallt í höndum foreldra hverju sinni hvort þau sendi barn í leikskólann þegar svo er. Ef barn er ekki með hita og **hresst að öllu öðru leyti** er barnið velkomnið í leikskólann en haft verður samband við forráðamenn ef barnið getur ekki tekið þátt í starfinu og/eða sýnir skýr merki um vanlíðan, án þess að vera með hita.

Þegar barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda er mikilvægt að foreldrar hringi í leikskólann og tilkynni veikindin, einnig má senda skilaboð í gegnum Karellen.

Ekki er hægt að fá að vera inni til að fyrirbyggja veikindi eða eftir veikindi.

Ekki eru gefin lyf í leikskólanum nema til komi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf sé nauðsynleg þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum. Ef barn hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða einhvers annars sem krefst sérstakrar meðferðar, skal skila vottorði því til staðfestingar.

Endurnýja þarf læknisvottorð á ársgrundvelli.

Sérstakar áherslur í starfi skólaárið 2023-2024

Á skólaárinu 2023-2024 verður unnið með Lubba sem rauðan þráð í gegnum allt starfið, vináttubangsinn Blær verður með í starfinu að teknu tilliti til aldurs og þroska barnanna. Mikil áhersla verður lögð á að innleiða tákni með tali þetta skólaár í öllu starfi og verkefnum .

Áhersla er lögð á *hópastarf* þar sem verkefni eru unnin sem tengjast ákveðnu þema, er miðað við þroska og getu hvers hóps. Þar er fylgt leiðarljósi sem kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla. Börnin fá tækifæri til að túlka og tjá á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmennt- og tungumál. Jafnframt eru börn hvött til að tjá sig, hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.

Vínátta – Blær felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvætt viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna (og fullorðinna) sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því. Unnið verður með Blæ í öllum hópum, en þetta er fyrsti veturinn sem unnið verður með Blæ. Undirþemu eru *vinátta, umburðarlyndi, virðing, umhyggja, hugrekki*. Meginmarkmið þemans er virðing fyrir hverju öðru og koma orði á tilfinningar. Auk þess að börnin kynnist því sem tilheyrir hverju undirþema fyrir sig.

Lubbi finnur málbeinið er íslenskt námsefni, eftir Eyrúnu Ísfold talmeinafræðing, með áherslu á hljóðkerfis- og hljóðavitund. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar mikið til að læra að tala. Þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Hann veit að þegar hann hefur lært þau öll losnar um málbeinið og hann getur leyst frá skjóðunni. Í Hólabæ er unnið með Lubba í öllum hópum.

Lærum og leikum með hljóðin er fjölbreytt framburðarefni eftir Bryndísi Guðmundsdóttur sem er ætlað börnum, foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Máhljóðin í íslensku eru kynnt til sögunnar í sömu röð og barnið tileinkar sér hljóðin og þyngdarstigið eykst um leið og leikið er með skemmtilegar æfingar í bókum, spilum og smáforritum. Lærum og leikum með hljóðin er notað samhliða Lubba.

Tákn með tali: Tákn með tali (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða.

Það er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Táknunum er skipt í:

- Náttúruleg tákn- byggjast á því að athöfn er leikin eða eiginleikum lýst.
- Eiginleikum/samræmt tákn - eru flest fengin að láni úr táknmáli heyrnarlausra.

Í TMT eru táknið alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hverrar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna.

Iðjuþjálfun. Í Hólabæ er starfandi iðjuþjálfari 5 stundir í viku, hver stund er 20 mínútur. Iðjuþjálfari vinnur með þau börnum sem þurfa á þurfa á að halda, bæði einstaklingslega og í hóp.

Fimleikar. Einu sinni í viku fara Græni og Rauði hópur í íþróttaskóla. Það er gert í samstarfi við tómsundastarf Reykhólahrepps og halda starfsmenn á þeirra vegum utan um starfið. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og samræmist vel markmiðum Aðalnámskrár, þar sem kemur fram að börn eigi að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar. Einnig fara nemendur í frjálssar stundi í íþróttasal með kennurum.

Afmæli. Þegar barn á Hólabæ á afmæli, fær það að bjóða öllum börnunum í ávaxtastund. Þá er bakki skreyttur og jafnvel bætt við einhverju, t.d. grænmeti, sem jafnan er ekki í hefðbundinni ávaxtastund. Í síðdegishressingu fær barnið að bjóða upp á kakó og ristað brauð. Barnið sem á afmæli fær

kórónu, sem það fær að taka með sér heim, og afmælissöngurinn er sungin í tilefni dagsins. Þá er tekin mynd af barninu með kórónu og sett í ferilmöppu barnsins.

Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf leik- og grunnskóla

Í lögum og aðalnámskrá leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á samstarfi leik- og grunnskóla. Tilgangurinn er að auðvelda börnum þá breytingu sem verður á lífi þeirra þegar þau fara úr leikskóla yfir í grunnskóla og að sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verði grunnur fyrir nám í grunnskólanum.

Markmið samstarfsins er:

- að efla tengslin milli skólastiganna
- að skapa samfellu í námi og kennslu
- að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mótun skólastiga
- að auka gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á námi barna og starfsaðferðum hvors skóla
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiganna

Til að ná áður nefndum markmiðum vinna skólastigin tvö eftir áætlun sem endurskoðuð er í byrjun hvers skólaárs sem felur í sér samvinnu skólanna yfir veturinn ásamt nokkrum áhersluatriðum og verkþáttum fyrir hvorn skóla.

Á þessu starfsári, 2023-2024, eru fjögur börn í elsta árgangi leikskólans sem fara 80 mín í kennslu með 1.-2. bekk grunnskóladeildar..

Heilsugæslustöð

Leikskólinn er í samstarfi við heilsugæsluna í Búðardal sem boðar til og hefur umsjón með ung- og smábarnavernd. Heilsugæslan hefur samband við leikskólann ef áhyggjur vakna af þroska- og/eða aðbúnaði barna. Leikskólinn tekur þá málið upp með stoðþjónustunni og leitar viðeigandi úrræða.

Áætlanir

Eineltisáætlun

Markmið eineltisáætlunar Hólabæjar er að skapa starfsmönnum og börnum öruggt og gott starfsumhverfi. Öll eiga rétt á því að komið sé fram við þau af virðingu og að þau sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi. Farið er eftir eineltisáætlun Reykhólahrepps er finna má á [heimasíðu](#) hreppsins.

Starfsmaður sem verður fyrir einelti, eða starfsmaður sem verður vitni að einelti, skal snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið þar sem erfiðara getur reynst að leysa málið eftir því sem lengri tími líður frá því að áreitni hófst. Starfsmaður á einnig kost á því að snúa sér til trúnaðarmanns á vinnustaðnum og það er gjarnan eina leiðin ef gerandi er yfirmaður þolandans.

Skýrar starfsreglur og vel afmörkuð ábyrgðarsvið er mikilvægur liður í því að fyrirbyggja einelti á vinnustað. Allir starfsmenn vinnustaðar eru samábyrgir um að móta jákvætt starfsumhverfi og góðan vinnuanda, sýna hverjum öðrum stuðning og samstöðu.

Forvarnaráætlun

Forvarnir eru í eðli sínu víðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúanna að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar, íþróttar og tómstunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið þess að ástunda heilbriggt líferni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis. Leggja þarf áherslu á fræðslu um vímuvarnir og að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar. Bjóða þarf foreldrum upp á fræðslu og stuðning þannig að þeir eflist í uppeldishlutverkinu. Foreldrar eru og verða sterkustu fyrirmyndirnar. Þeir þurfa að setja börnum skýran ramma og fara eftir lögum og reglum. Þá þurfa foreldrar og allir þeir sem koma að uppeldi barna að vera í góðri samvinnu.

Fyrirmyndir finnast einnig í samfélaginu, utan heimilis. Samfélagið þarf að vera meðvitað um ábyrgð sína, að við gerum öll gagn í forvörnum. Þeir sem eldri eru þurfa að vera þeim yngri fyrirmyndir í einu og öllu og senda skýr skilaboð. Við berum öll ábyrgð.

STARFSHEITI	ELDUR !	ÞEGAR KOMIB ER ÚT Á LÖB
Leikskólustjóri	Tilkynnir um eld (112) og metur aðstæður, hvort hægt sé að slökkva eldinn með búnaði skólans. Leikskólustjóri stjórnar rýmingu.	<u>NEYDARNÚMÉR</u> 112
Deildarstjóri/ hópstjóri	Fer með sinn barnahóp út um næsta neyðarútgang. Allir fara að rölunum.	Athugar hvort allir séu komnir út. Lætur leikskólustjóra vita ef einhver vanar. Börnin setjast út við rölurnar.
Kennarar/ leiðbeinendur	Fara með sinn barnahóp út um næsta neyðarútgang. Allir fara að rölunum.	Börnin setjast út hjá rölunum. Biður annarra fyrirmeala.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun skólans hangir upp á vegg víðsvegar í leikskólanum og er starfsfólk hvatt til að kynna sér áætlunina.

Viðbrögð við eldsvoða

- ef eldur brýst út þá skal nærstaddur strax reyna að ráða niðurlögum hans með brunavarnarbúnaði skólans
- tilkynna skal strax og mögulegt er, ef elds verður vart þó um lítinn eld sé að ræða. (Ræsið brunakerfið)
- þurfi að fara út í gegnum hita á reyk, ber að fara með gólfum, þ.e. skríða
- sum börn forðast hættuástand með því að fela sig. Þess vegna þarf að leita gaumgæfulega að þeim, á öllum hugsanlegum stöðum.

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er unnin af leikskólastjóra í samráði við starfsfólk og utanaðkomandi aðila þegar skipuleggja þarf áfallahjálp barna og starfsfólks Hólabæjar, að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð við áföllum eru ákveðin. Áætlunina má finna á vefsíðu leikskólans: [Áætlanir | Karellen - Leikskólakerfi \(leikskolinn.is\)](#)

Óveðursáætlun

Ef appelsínugul viðvörðun er fyrir svæðið þá fellur allt skólahald niður og er það tilkynnt í sms/tölvupósti og á sérstakri tilkynningasíðu foreldra á Facebook. Ef gul viðvörðun er í gangi þá meta foreldrar hvort börn þeirra komi í skólann. Skólabílstjórar meta einnig eftir aðstæðum hvort fært er að sækja nemendur. Veður getur verið misjafnt eftir stöðum í sveitarfélaginu og ber foreldrum að meta hverju sinni hvort óhætt sé að senda nemendur í skólann.

Foreldrar barna í dreifbýli fylla út blað þar sem kemur fram á hvaða heimili á Reykhólum er fósturheimili barnsins ef sú staða kemur upp að skólabílar geti ekki keyrt heim að loknum skóla.

Skólabílstjórar hafa samband við skólastjóra um leið og veðurhorfur eru orðnar slæmar. Skólabílstjórar eða skólastjóri hafa samband við foreldra ef þurfa þykir.

Slysaskráning

Í barnahóp geta alltaf orðið óhöpp og slys og ef það kemur fyrir eru foreldra látnir vita. Ef fara þarf með barn á slysadeild ber leikskólanum að tilkynna slysið til lögreglu og gefa skýrslu. Sérstök eyðublöð eru til sem fylla út þegar um slys er að ræða, einnig er það skráð í dagbók í Karellen. Sá starfsmaður sem kann að verða vitni að slysinu fyllir út eyðublaðið (og skráir í Karellen) sem síðan er varðveitt í möppu hjá leikskólastjóra/deildarstjóra. Minni háttar óhöpp eru einungis skráð í Karellen.

Skóladagatal

Starfsáætlun leikskólans birtist fyrst og fremst í skóladagatali Hólabæjar sem birt er á heimasíðu skólans að vori <http://holabaer.leikskolinn.is/> Hólabær er opinn alla virka daga frá kl. 7:45 til kl. 16:15 og er einsetinn leikskóli. Fyrir utan heimasíðu leikskólans er Hólabær einnig með lokaða Facebook síðu fyrir foreldra barna í leikskólanum. Dagskipulagið á Hólabæ er í stórum dráttum eftirfarandi:

07:45	Leikskólinn opnar
08:00 – 08:45	Móttaka, morgunmatur og frjáls leikur
08:45 – 09:20	Róleg stund – samvera
09:20 – 09:40	Ávaxtatími
09:40 – 11:30	Hópastarf – útivera
11:30 – 12:00	Hádegismatur
12.00 – 14:00	Hvöld – róleg stund - val - hópastarf
14:00 – 14:20	Síðdegishressing
14:20 – 16:	Útivera – val
16:15	Leikskólinn lokar

Tímalína

Tímalína er viðmiðunartæki fyrir starfsfólk og foreldra til að sjá hvað er tekið fyrir í starfinu í hverri viku.

Hér má sjá hvernig tímalína er útfærð:

Leikskólinn Hólabær								
Tímalína								
Grunnpáttur menntunar								
Tími		10.-11. ágúst	14.-18. ágúst	21.-25. ágúst	28.ág.-1. sept.	4.-8. sept.	11.-15.sept.	18.-22. sept
Viðburðir			Starfsdagur 15 ágúst			Bókadagur 8. sept		
Pema			Komum okkur í grínn			Hver er að vera ég?		
Lubbastarfur vikunnar					Aa - rím: api	Mm - rím: mús	Bb - rím: borð	Nn - rím: nál
Tákn vikunnar				Takk	Eg-þú	Mamma-pabbi	bróðir-systir	Fjölskylda
List vikunnar			Vatnslitun	Sumarblóm	Sjálfsmynd	Kindur	Hautmynd	Gluggaskraut
Lag/pula vikunnar			Sól, sól skín á mig	Út um mó	Fingravisan	Blánar yfir bejarnó	Við erum vinir	Krumminn á skjánum
Bók vikunnar er valin af bókaorm vikunnar								

Nánar á:

<https://my.karellen.is/cms/page/?domain=holabaer.leikskolinn.is&url=%2FSkolastarfid%2FTimali na%2F>

Lokaorð

Starfsáætlun Hólabæjar er birt á vefsíðu skólans bæði í heild sinni og eftir viðfangsefnum. Á hverju vori er starfsáætlun metin og gildir mat á starfsáætlun sem ársskýrsla skólans. Á haustin er starfsáætlunin síðan endurskoðuð og einstakir hlutum hennar breytt til að miða að starfi það skólaár, starfsáætlun er síðan birt aftur í heild sinni á vefsíðu skólans.

september, 2023

Íris Ósk Sigþórsdóttir

deildarstjóri Hólabæjar